

4. Stjórnarfundur EBAK 21. maí 2024 kl. 15.

Allir stjórnarmenn voru mættir.

1. Hópavinna

Hópavinna fór fram á síðasta fundi þ. 7. maí. Markmiðið var að fara yfir og endurskoða samþyktir félagsins, hlutverk nefnda o.fl. og hlutverk stjórnar. Allir hópar höfðu hist tvisvar og rýnt í ofangreint. Áhugi var á að breyta ýmsum þáttum og verður haldið áfram með þessa vinnu og málin aftur rædd í haust.

2. LEB þingið

Þingið fór fram þ. 14. maí s.l. á hótel Natura í Reykjavík. Tíu fulltrúar mættu frá EBAK. Þetta þing var að allra mati áhugavert og jákvætt þing. Mörg mjög áhugaverð erindi voru flutt, m.a. um ofbeldi, heilsueflingu eldra fólks, verklagsreglur sýslumanns við lögbókarvottun erfðaskrár og um verkefnið; Gott að eldast. En fyrsta erindið sem Óttar Guðmundsson, geðlæknir flutti sló í gegn, en þar færði hann „afa sinn Egil Skallagrímsson og frænda sinn Snorra Sturluson“ til nútímans og ræddi um aðstæður þeirra í nútímasamfélagi.

Þóra Hjaltadóttir í stjórn EBAK var kosin í stjórn LEB.

3. Húsnæðismál eldri borgara

Húsnæðiskönnun hefur verið send út og mikil viðbrögð hafa komið fram víða. Húsnæðishópur EBAK hefur áhuga á að EBAK hafi forgöngu um að fá verkalýðshreyfinguna til liðs við sig t.d. með stofnun á húsnæðissamvinnufélagi. En þetta eru enn ómótaðar hugmyndir.

Fundur var á bæjarskrifstofunni í morgun og er áhugi þar á að efna til hugmyndasamkeppni um lífgæðakjarna ofan Hagahverfis og sunnan Naustahverfis. Ekkert er að gerast með Tjaldsvæðisreitinn varðandi Heilsugæslustöð eða íbúðir fyrir aldraða. En f.o.f. vill félagið tryggja að eldri borgarar hafi aðgang að hentugu húsnæði án fjárhagslegra skuldbindinga félagsins. Kanna þarf áhuga stéttarfélaganna á samvinnu.

4. Húsnæðismál félagsins

Nokkrar hugmyndir eru í skoðun varðandi bætt húsnæði fyrir félagið.

Önnur mál

A. Tölvulæsisnámskeið

Tölvulæsisnámskeið fór fram um miðjan maí en átta aðilar sóttu það. Líklega þarf að kynna það betur í haust.

B. Blað LEB

Áhugavert blað LEB verður ekki sent heim til félagsmanna, heldur dreift þar sem eldri borgarar koma og einnig er það á heimasíðu LEB og á heimasíðu EBAK.

C. Grein í LEB blaðinu

Valgerður benti á góða grein í blaði LEB frá formanni FEBH féluginu í Hafnarfirði Valgerði Sigurðardóttur og óskaði eftir því að stjórn félagsins skoðaði nokkra þætti sem þar eru nefndir. Að heimasíða/ dagskrá okkar verði á fleiri tungumálum s.s. pólsku og ensku, ókeypis kaffi sé allan daginn í félagsmiðstöðvum og að boðið sé upp á lögfræði- og félagsráðgjöf í samráði við Akureyrarbæ.

D. Niðurfelling á persónuafslætti

Sigurður Harðarson ræddi um frumvarp á niðurfellingu á persónuafslætti sem eldri borgarar og öryrkjar verða fyrir sem búa erlendis og eiga ekki lögheimili á Íslandi. Þetta geta verið allt að 650 þúsund krónur á ári. Frumvarpið er orðið að lögum en gildistöku var frestað til fyrsta janúar 2025. Ákveðið var að fá nánari skýringar og málinu var vísað til LEB.

Fundi slitið kl. 16.50, næsti fundur verður þ. 11.06 kl. 15.

Valgerður Jónsdóttir, ritari.

Karl Ólafsson
Jóna G. Hjaltadóttir
Ólafur Ólafsson
Karl Elín Ólafsson
Björn Ólafsson
Jón Ólafsson

Valgerður
Margrét Ólafsson

Margrét Ólafsson
Fjóla Guðrún Ólafsson